

Borðtennisdeild KR

B.t. Kjartan Briem

Kt. 661191-1129

KR heimilið, Frostaskjól

107 Reykjavík

Reykjavík 9. apríl 2010

Efni: Kæra Borðtennisdeildar KR, vegna leiks félagsins og B liðs Víkinga í úrslitakeppni 1. deildar karla, sem fram fór 24. mars s.l. Kæran barst skrifstofu ÍSÍ 9. apríl 2010. Skv. kæru er kærði Mótanefnd Borðtennissambands Íslands.

Í 14. gr. laga Borðtennissambands Íslands er kveðið á um borðtennisdómstól sem kosinn skal á borðtennisþingi.

Á síðasta ársþingi Borðtennissambands Íslands sem haldið var 2008 var samþykkt að kjósa ekki í dómstólinn og vísa málum þess í stað til dómstóls ÍSÍ. Lagt var fyrir þingið að gera tillögu að breytingu á lögum þess í samræmi við þetta og leggja fyrir næsta ársþing sem haldið er á 2ja ára fresti. Það þing hefur ekki verið haldið ennþá og er málið því tekið fyrir hjá dómstól ÍSÍ.

Skv. lögum ÍSÍ er kærufrestur til dómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við séu ekki skemmri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands. Skv. lögum Borðtennissambands Íslands skulu kærur hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því hið kærða atvik átti sér stað.

Máli þessu er hér með vísað frá dómstól ÍSÍ á grundvelli þess að kærufrestur er liðinn.

Virðingafyllst

f.h. dómstóls ÍSÍ

Halldór Frímansson (sign)

Afrit: Mótanefnd Borðtennissambands Íslands.

